

Fundur haldinn í stjórn foreldrafélags Álfasteins og Þelamerkurskóla 7. október 2014 í matsal Þelamerkurskóla. Auk þess voru boðaðir skólastjórar og tengiliðir úr Þelamerkurskóla. Frá stjórn foreldrafélags Álfasteins mættu Jón Þór (frá stjórn beggja foreldrafélaganna), Halla og Signý. Frá stjórn foreldrafélags Þelamerkurskóla mættu Jóa, Gulla og Eva. Sjö tengiliðir mættu, Ingileif og Hugrún.

Í byrjun fundar var rætt um störf tengiliða og skipti á tengiliðum á yfirstandandi skólaári. Að því loknu var rætt um hvernig auka megi samstarf skólanna. Hér eru teknir saman punktar úr þeirri umræðu, þeir eru ekki endilega í þeirri röð sem þeir voru ræddir.

Ingileif nefndi að skólahópur gæti annað hvort tekið þátt í útivistardegi með Þelamerkurskóla eða mætt í skíðakennslu í Hlíðarfjalli þegar yngstu nemendur skólans fara þangað á vorönn. Þá myndi skólahópur mæta í síðasta skipti skíðakennslunnar því þá væru flestir skólakrakkarnir farnir að standa á skíðunum.

Ingileif nefndi þá hugmynd að bjóða skólahóp með í sundtíma hjá 1. og 2. bekk. Þá myndi sundkennarinn einbeita sér að skólahóp og starfsmaður frá leikskóla sjá um 1. og 2. bekk á meðan. Hugrún ætlar að athuga með tryggingar varðandi þetta.

Sú hugmynd kom fram að skólahópur taki þátt í danskennslu með 1. og 2. bekk í Þelamerkurskóla en Ingunn Hallgrímsdóttir kennir þeim dans á miðvikudögum til áramóta. Það fer þó eftir því hvort Ingunn treysti sér að bæta við hópinn. Ingileif ætlar spyrja Ingunni hvort þetta sé mögulegt af hennar hálfu. Danskennsla hefur verið árviss á Álfasteini og undanfarin ár hefur foreldrafélagið fengið Ingunni til að sjá um hana. Í stjórninni hefur áður verið rætt um að fá ekki danskennslu inn í leikskólann þetta skólaár vegna ungs aldurs stórs hóps nemenda. Rætt hefur verið um að fá eitthvað annað inn í leikskólann í staðinn sem nýtist öllum nemendum, til dæmis tónlistarkennslu.

Umræða um jólaball og jólaföndur í skólunum. Ákveðið að halda viðburðunum óbreyttum í báðum skólum en bjóða leikskólakrakkana velkomna á jólaföndrið í Þelamerkurskóla. Á fundinum voru miklar umræður um jólaball og ákveðið að halda eitt stórt jólaball milli jóla og nýárs fyrir alla íbúa sveitarfélagsins. Jólaball hefur verið haldið á Melum í umsjón nokkurra bæja. Nú var ákveðið að breyta fyrirkomulaginu og fá ungmennafélagið, leikfélagið, elstu nemendur Þelamerkurskóla og foreldrafélög beggja skóla að verkefninu. Hugmynd að elstu nemendur Þelamerkurskóla gætu selt kaffi sem fjáröflun í ferðasjóð. Sigga Stína tók að sér að kynna þessa hugmynd í ungmennafélaginu og hafa samband við leikfélagið.

Ingileif greindi frá því að Bengt brúðumeistari yrði á ferðinni í vetur með sýningu um Einar Áskel og var mikill áhugi hjá báðum skólum að halda áfram samstarfi um að fá leiksýningar fyrir nemendur Álfasteins og yngri bekki Þelamerkurskóla.

Mikil ánægja kom fram á fundinum með sundnámskeið sem Ragnhildur Runólfsdóttir bauð skólahóp Álfasteins upp á. Foreldrar greiddu kostnaðinn við námskeiðið sem var 10 skipti, hvert skipti var 45 mínútur og kostaði 3000 kr. (stóð upphaflega 4000 í tölvupósti frá Ragnheiði en foreldrar greiddu 3000). Jón Þór lagði til að foreldrafélag leikskólans greiddi kostnað við þetta námskeið næsta sumar ef Ragnheiður býður aftur upp á það.

Gulla kom með fyrirspurn um hvort skólakór Þelamerkurskóla hafi einhvern tímann farið og sungið fyrir leikskólakrakkana, svo er ekki. Fundargestir tóku jákvætt í þessa hugmynd en ekkert var ákveðið um framkvæmd.

Fleira ekki rætt og fundi slitið.

Halla Björk tók saman.